

**1. Fundur**  
**Þróunarsamvinnunefndar á árinu 2017**  
**haldinn í utanríkisráðuneytinu þriðjudaginn 14. mars 2017 kl. 12:00**

*Fundargerð*

**Mættir:**

Valgerður Sverrisdóttir – formaður  
Nicole Leigh Mosty – Björt framtíð  
Birgitta Jónsdóttir – Píratar  
Vilhjálmur Bjarnason – Sjálfstæðisflokkur  
Steinunn Þóra Árnadóttir – Vinstrihreyfingin - grænt framboð  
Jón Steindór Valdimarsson – Viðreisn  
Atli Viðar Thorstensen – Rauði Krossinn á Íslandi  
Ragnar Schram – SOS Barnaþorp  
Bjarni Gíslason – Hjálparstarf kirkjunnar  
Erna Reynisdóttir – Barnaheill  
Hanna Eiríksdóttir – UN Women  
Tumi Tómasson – Sjávarútvegsskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna  
Ólafur Garðar Halldórsson – Samtök atvinnulífsins  
Þorbjörn Guðmundsson – Alþýðusamband Íslands.

Fundinn sátu að auki starfsmenn utanríkisráðuneytisins: María Erla Marelsdóttir, Þórarinna Söbech og Auðbjörg Halldórsdóttir.

Silja Dögg Gunnarsdóttir (Framsóknarflokkur), Guðjón Brjánsson (Samfylking), Inga Dóra Pétursdóttir (UN Women), Fríður Birna Stefánsdóttir (ABC barnahjálpi), Ragnar Gunnarsson (Kristniboðssambandið), Geir Gunnlaugsson (Háskóli Íslands), Anna Elísabet Ólafsdóttir (Háskólinn á Bifröst), Sigríður Dúna Kristmundsdóttir (Háskóli Íslands) og Maríanna Traustadóttir (Alþýðusamband Íslands) boðuðu forföll. Nicole Leigh Mosty, Vilhjálmur Bjarnason og Jón Steindór Valdimarsson viku af fundi kl. 13:00.

**Nefndarritarar:**

Hildigunnur Engilbertsdóttir  
Ágúst Már Ágústsson

**4. fundur þróunarsamvinnunefndar**

**1. Fundur settur**

Formaður bauð nefndina velkomna til fjórða fundar hennar og bauð nýja fulltrúa Alþingis velkomna til starfa. Hún sagðist vonast eftir góðu samstarfi innan nefndarinnar. Nefndarmenn og starfsmenn utanríkisráðuneytisins kynntu sig stuttlega hver fyrir öðrum.

**2. Umboð, hlutverk og starfshættir nefndarinnar: Umræða.**

Formaður fór í stuttu máli yfir starfsreglur nefndarinnar sem samþykktar voru árið 2016 og óskaði eftir athugasemdum frá nefndinni við þær. Nefndin gerir ekki athugasemdir við starfsreglurnar að svo stöddu en áskilur sér rétt til að gera það síðar.

*Tveir fulltrúar nefndarinnar óska eftir* umfjöllun um áhrif niðurskurð Bandaríkjanna til þróunarsamvinnu á starfs Íslands í málaflokknum.

*Einn fulltrúi óskar eftir* ítarlegri kynningu á þróunarsamvinnu Íslands, hvaða verkefni sé verið að styðja við og hversu miklum fjármunum er veitt til þeirra.

*Nefndin ákveður* að utanríkisráðuneytið veiti greinagóða kynningu á alþjóðlegri þróunarsamvinnu Íslands.

### **3. Fulltrúi utanríkisráðuneytisins kynnrir helstu mál á sviði þróunarsamvinnu**

María Erla Marelsdóttir, skrifstofustjóri þróunarsamvinnuskrifstofu, Þórarinna Söebeck, teymisstjóri fjölþjóðlegrar þróunarsamvinnu, og Auðbjörg Halldórsdóttir, teymisstjóri íslensku friðargæslunnar, kynna stuttlega það sem helst er á döfinni í alþjóðlegri þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoð Íslands.

*Ákveðið er* að halda ítarlegan upplýsingarfund með sérfræðingum ráðuneytisins í þróunarsamvinnu, mannúðaraðstoð og upplýsingamálum. Lagt er til að nefndin tileinki einn fund umfjöllun um jafningarýni á alþjóðlegri þróunarsamvinnu Íslands sem framkvæmd var á vettvangi þróunarsamvinnunefndar Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu (OECD-DAC).

Stefnt er að því að leggja fram tillögu til þingsályktunar um stefnu um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2017-2021 í haust 2017.

*Fulltrúar nefndarinnar óska eftir* frekara upplýsingaefni um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands til að geta kynnt sér málaflokkinn betur á milli funda nefndarinnar.

*Óskað var eftir* upplýsingum um aðkomu Íslands að alþjóðlegu þingmannasamstarfi í tengslum við þróunarsamvinnu og mun ráðuneytið kanna að hvaða leyti slíkt fer fram af hálfu ráðuneytisins. Einnig var rætt hlutfall opinberrar þróunaraðstoðar sem varið sé innanlands, einn fulltrúi taldi það geta haft áhrif á hlutfallslega skiptingu framlaga eftir málaflokkum á meðan annar taldi hátt innanlandshlutfall geta dregið úr aðstoð við þá sem mest þyrftu á henni að halda. Í því sambandi var vísað í yfirstandandi vinnu sérstaks starfshóps á vettvangi DAC sem hefur það að markmiði að komast að samkomulagi um það hvað ríkjum sé heimilt að gefa mikið upp til DAC af kostnaði sem fer í hælisleitendur og móttöku flóttamanna. Gert er ráð fyrir að vinnu starfshópsins ljúki á komandi hausti. Bent var á að ríki ákvæðu sjálf hvort að fjármunir sem varið væri innanlands væru taldir til opinberrar þróunaraðstoðar og samstaða var innan nefndarinnar að Ísland þyrfti ekki að notast við lægsta viðmiðið í þeim efnum.

*Ákveðið var* að nefndin skyldi funda aftur föstudaginn 24. mars 2017.

Fleira var ekki gert.

Fundi slitið kl. 13:18